



Flugslysaæfing Þórshafnarflugvelli September 2025 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra
Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið	2
1.1	Markmið	2
2	Undirbúningur og framkvæmd.....	3
2.1	Þriðjudagur 26. ágúst	3
2.2	Þriðjudagur 9. september.....	3
2.3	Fimmtudagur 11. september.....	3
2.4	Föstudagur 12. september	3
2.5	Laugardagur 13. september	3
2.6	Æfingastjórn	4
2.7	Ráðgjafar	4
2.8	Þátttaka	5
2.9	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
2.9.1	Veður	5
2.9.2	Vettvangur	5
3	Rýni.....	6
3.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur	6
3.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	8
3.2.1	Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa	13
3.3	Rafræn rýni – allir þátttakendur	13
3.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	13
3.3.2	Það sem vel var gert	13
3.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	15
3.3.4	Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?	17
3.3.5	Einkunn æfingar.....	17
4	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	18
4.1	Styrkur	18
4.2	Umbótatækifæri	18
5	Myndir frá æfingunni.....	20

1 Inngangur og markmið

Flugslysaæfing á Þórshöfn var haldin í september 2025. Um áramótin síðustu þá voru dagsetningar skoðaðar og reynt að finna heppilegan tíma en það er oft áskorun að finna tíma hvort sem er að vori eða hausti vegna ýmis konar atburða, vinnu og ekki síst veðurlega. Veðrið er oftast það sem stoppar æfingastjórn í að halda æfingarnar þegar komið er inn í vetur enda getur þá verið erfitt að komast á milli landshluta auk þess sem aðstæður yrðu mun meira krefjandi fyrir leikara, enda kuldi einn helsti óvinur þeirra sem þurfa að bíða aðstoðar hvort sem er í raun- eða æfingaaðstæðum. Sjálfkrafa detta því nokkrir vetrarmánuðir út og horft til vors og haust. Þrátt fyrir að síðar kom í ljós að æfingahelgin væri aðalsmölunarhelgi þá var mönnum á æfinguna með ágætum. Ánægjulegt er að sjá samstöðu á svæðinu og gekk æfingin vel í heildina þó ávallt séu einhver tækifæri til umbóta.

Gestrismi heimamanna er mikil og var það samróma meðal ráðgjafa æfingar hve vel var tekið á móti þeim alls staðar og maturinn afbragðsgóður, takk fyrir okkur.

Fyrir hönd æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir Isavia

1.1 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar.

Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi.

Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvö.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.

2 Undirbúningur og framkvæmd

Hvenær undirbúningur hófst í lok sumars og byrjaði á kynningarfundum með heimafólki. Síðan var fræðsla í undanfara æfingar og á æfingadögum sjálfum út frá eftirfarandi dagskrá.

2.1 Þriðjudagur 26. ágúst

Flugslysavettvangur, flugvélaþekking og björgunarstjórafræðsla fyrir Slökkvilið.

Isavia

2.2 Þriðjudagur 9. september

Fjarfræðsla fyrir alla þátttakendur

19:30-20:00	Umgengni við þyrlur	<i>LHG</i>
20:00-20:20	Sálrænn stuðningur	<i>RKÍ</i>
20:20-21:00	SÁBF – Skipulag í aðgerðum/hópslysum SST-AST-VST	<i>AVD</i>
21:00-21:30	Rannsókn flugslysa og verndun gagna	<i>RNSA</i>

2.3 Fimmtudagur 11. september

10:00 **Boðunarprófun** – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á Þórshafnarflugvelli

Stöðufundur ráðgjafa – Flugvöllur

Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf

Uppsetning vettvangs

19:00-22:00 **Setning æfingar - Félagsheimili** - Allir þátttakendur

Dagskrá:

- Tilgangur flugslysaæfinga og praktísk atriði varðandi æfinguna *Isavia*
- Flugslysaáætlun fyrir Þórshafnarflugvöll og endurbætur *AVD*
- Bráðaflokkun *LSH*
- Fjarskipti/tetra fyrir allar viðbragðseiningar *112*
- SÁBF: VST og Verkpáttastjórar *AVD*
- Samráð f. verkpáttastjóra *Ráðgjafar verkpáttastjóra*
 - Aðhlyningarstjóri, Björgunarstjóri, Gæslustjóri, Flutningastjóri
 - Fyrir aðila sem sinna þessu hlutverkum

2.4 Föstudagur 12. september

16:00-18:00 **Skrifborðsæfing – Félagsheimili** – Stjórnendur og verkpáttastjórar

Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn Akureyri, vettvangsstjórn og verkpáttastjórar.

2.5 Laugardagur 13. september

Stöðufundur ráðgjafa – Flugvöllur

Allir sinna sínum einingum, fræðsla, ráðgjöf

Uppsetning vettvangs

10:30 **Flugslysaæfing** hefst – Allir þátttakendur

Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkpáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.

13:15

Rýnifundur fyrir stjórnendur á æfingunni (sjá lista yfir aðila hér f. neðan)

Staðsetning: Félagsheimili

(Athugið er fyrr eða seinna, er í beinu framhaldi og æfingu er lokið).

1. Almenn um/stóra myndin	Æfingastjóri
2. Leit og björgun	Björgunarstjóri
3. Vettvangsstjórn	Vettvangsstjóri
4. Söfnunarsvæði slasaðra	Aðhlyningarstjóri
5. Lokanir/umferð/talning	Gæslustjóri
6. Móttaka og flutningur	Flutningastjóri
7. Aðstandendur/fjöldahjálp	Rauði krossinn
8. Aðgerðarstjórn	Aðgerðarstjóri
9. Samhæfingarstöð	Ráðgjafi AVD
10. Umræður	Orðið laust
11. Næstu skref	Isavia
12. Æfingu slitið	Lögreglan

2.6 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluyfirvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Atli Gunnarsson	Almannavarnir
Æfingastjórn	Hermann Karlsson	Almannavarnir

2.7 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Tómas Már Pétursson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Víðir Sveinn Ágústsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þorlákur Snær Helgason	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Eygerður Margrétardóttir	Almannavarnir
Ráðgjafi	Aðalheiður Jónsdóttir	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Hreiðar Hreiðarsson	Lögreglan
Ráðgjafi	Þorbjörg Anja Snæbjörnsdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Inger Sofia Ásgeirsdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Þorbjörg Petrea Pálsdóttir	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Dagbjartur Kr. Brynjarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Helgi Reynisson	Neyðarlínan
Ráðgjafi	Hjördís Garðarsdóttir	Neyðarlínan

2.8 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á verklegu æfingunni. Athugið að um áætlaðar tölur eru frá einingum enda ekki talið á æfingunni sjálfri þó reynt sé að fylgja eftir ca. mætingu.

	Fjöldi fólks
Samhæfingarstöðin	8
Aðgerðastjórn Akureyri	8
Björgunarsveitin Hafliði Þórshöfn	7
Björgunarsveitin Núpar Kópaskeri	0
Björgunarsveitin Pólstjarnan Raufarhöfn	0
Björgunarsveitin Vopni Vopnafirði	0
Björgunarsveitin á Húsavík	0
Flugfélag - Norlandair	1
Flugturinn Þórshöfn Isavia	1
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga Þórshöfn	5
Rauði Krossinn	2
Landhelgisgæslan (þyrla)	0
Lögreglan á Húsavík / Þórshöfn / Ak	4
Sjúkraflutningar Þórshöfn	2
Slökkvilið Langanesbyggðar	7
Vettvangsliðar á Kópaskeri	0
Sjúkrabíll Raufarhöfn	0
	29
Gestir	5
Leikarar	8
Ráðgjafar	17
	30
ALLS (án SST og AST)	59
ALLS (með SST og AST)	75

2.9 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

2.9.1 Veður

Veðrið á æfingadegi var þokkalegt. Heldur blautt í fyrstu og rigndi eld og brennistein, það rofaði þó til þegar skammt var liðið á æfinguna og þrátt fyrir þoku þá var nokkurra gráðu hiti.

2.9.2 Vettvangur

Flugfélagið FlyNoMore tilkynnir um bilun sem síðan verður til þess að vélin brotlendir við hlið brautarenda. Eldar loga á nokkrum stöðum og beita þurfti klippum sum staðar til að ná þolendum. Þolendur voru einnig á víð og dreif á svæðinu. Slysavettvangur náði út fyrir girðingu og þurfti því að fara yfir hana til að bjarga hluta þolenda.

3 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.



3.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í Félagsheimilinu á Þórshöfn þar sem beið þeirra heit og góð kjúklingasúpa og brauð. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti.

Rýnifundur flugslysæfing á Þórshafnarflugvelli 13.09 – FFG tók saman

Elva bíður fólk velkomið á rýnifundinn.

Hallsteinn Isavia turn – LHG samskipti ekki góð en að öðru leiti gekk æfingin afar vel.

Þorsteinn – björgunarstjóri. Þakkar fyrir æfingu. Brói og Þorsteinn. Skiptu með sér verkum. Í upphafi. Missti af virkjun neyðarstigs. Kom ekki fram í fjarskiptum sem það ætti að gera.

Skipulag þeirra gekk ágætlega, slökkvistörf gengu nokkuð hægt og tók tíma að gera hann öruggan. Seinlega gekk að ná yfirsýn yfir slysstað þar sem reykur lá yfir að hluta. Klippuvinna tóm svolítinn tíma. Þokkalega sáttir við sín störf. Hefðu vilja skipta upp fjarskiptum. Fjarskiptin gengu samt vel, vantaði hendur á slysstað. Vantaði ólar á börur. Hefðu viljað vera með fleiri hendur á slysstað.

Grétar ráðgjafi björgunarstjóra. Hlutatryggðu slysstaðinn sem var gott. Hefði mátt skanna flakið áður en leit fór fram í móum. Sáttur við störf björgunarstjóranna.

Elva mjög góð fjarskipti frá björgunarstjórum, ein talstöð sem ekki heyrðist í.

Flutningastjóri, ánægður með æfingunna, lærði mikið, góð samskipti í fjarskipti. Björgunarsveitir undir mannaðar, vantaði hendur og smá samkeppni um mannskap.

Dagbjartur – ráðgjafi. Verður alltaf stór áskorun að nýta vel þann mannskap sem við erum með. Heilt yfir þá gekk þetta vel, björgunarkerran fór ekki á slysstað.

Tobba- tekur undir með DKB, samskipti milli flutningastjóra og gæslustjóra sérstaklega góð. Hefði mátt vera meira í byrjun að fá frá einingum hvaða bjargir væru að koma inn s.s börur og hvaða sérþekking væri til staðar.

Þetta með LHG – óttalegur ruglingur en leystist vel.

Gæslustjóri – allir að skila sínu gerðu sitt besta. Aðeins í byrjun að vantaði að láta vita að það væru að koma inn slasaðir af SLY. Þurfti að brýna aksturinn einu sinni eða tvisvar en þá gekk þetta vel. Ekki allir með bráðaflokkunarspjöld.

Hreiðar – ráðgjafi. Góð samfella í öllu undanfarna daga. Góð athygli og eftirfylgni. Ítreka fyrirskipanir ef á þarf að halda inn á SSS góð móttaka og skráning, smá hökt í fjarskiptum en almennt gengu afar vel. Mónologur LHG var leystur í æfingunni afar vel gert.

Aðhlyningastjóri – kostur að hafa tvo aðhlyningastjóra, hjálpar mikið og ritara, þetta virkaði afar vel. Of fáar hendur, misstu fólk út af SSS á tímamarki sem var vont en skiljanlegt að það eru verkefni annarstaðar. Mikið at í SSS á tímamarki. Ánægð með samskipti.

Inger – ráðgjafi. Gekk í heildina vel. Grænir kallaðir til sem leysir smá vanda. Það vantaði hendur, gekk vel en tók tíma það voru þolendur fastir í flaki. Má eyða smá tíma í að segja þolendum að hjálp sé að berast, einnig setja teppi yfir fólk.

Anja. Gekk vel í SSS, voru í góðum samskiptum þó þau hafi fundist sjálf svo ekki vera, þetta er bara mikið áreiti og komu réttum upplýsingum á rétta staði. Sjúklingum vel sinnt og var nokkuð vel hlýtt í húsinu, öflugur hitablásari kom að góðum notum.

Sjúkraflugvélar eða ekki sjúkraflugvélar þetta var aðeins á reki.

Vettvangsstjóri – náði ekki heldur að það væri orðið neyðarstig.

Endalaust af tímasetningar um bjargir sem ýmist áttu að vera raunverulegar eða leiknar olli ruglingi. Gæslustörfin góð, skýr. Lokanir og opnanir skýrar. Varðandi látna hentaði ekki að fara með þá langt til, leyst með gámnum.

Gervibjargir eru þær hentugar?

Atli – fjarskipti fóru vel fram, vel gert líklega einstakt í sögunni að fjarskipti gengu vel. Klókt að fækka í VST þegar ljóst var að það vantaði hendur á gólfi. LHG – vélin óþægilegt að fá að vita að það sé að koma vél en ekki með neinar upplýsingar. Samskiptin milli allra verkþáttastjóra voru góð. Tóku vel á öllu sem upp kom.

Rauði krossinn – gekk vel sinntu störfum á SSS. Kerran með beddana afar góð á SSS.

Starfsmaður flugfélags er ekki að fá SMS boð.

AST – gekk vel. Ruglingur með flugið, talhópa en heilt yfir ánægð með þetta. Kom á óvart að það var ekki meiri þátttaka björgunarsveita, bráðaflokkun voru lengi að koma loka tölur en heilt yfir flott vinna.

Rögnvaldur – ráðgjafi. Vel undirbúin í AST. Fumlaus vinnubrögð. Mikil reynsla innan AST. Breytt aðstaða í AST ekki eins auðvelt að hafa yfirsýn í nýju rými, rýmið orðið stórt. AST var ekki upplýst um útpenslu fjarskipta skipuritsins.

SST – það var engin fulltrúi Isavia í SST en það er mikilvægur hlekkur í SST.

Hermann umdæmisstjóri. Mjög spenntur að sjá framhaldið, ánægður með aðstöðuna gistingu og veitingar. Ánægður með að vel er gengið um flugstöðina og eignir okkar allra.

ET – gott að vinna með öllum, góð aðstaða og góð samvinna með heimafólki, Tóta og Karen fá þakkir. Rýnikönnun, hvetur alla til að taka þátt í henni.

Hermann K. Lögreglu – það er áskorun fyrir svona samfélag að fá svona verkefni, þó að þessi æfing sé flugslys er þetta mikilvægt fyrir önnur verkefni einnig, það þarf ekki stóran viðburð til að þeir verði mikil áskorun. Í raunheimum hefði flæðið gengið öðru vísi fram. Tekur undir með öðrum sem hafa hrósað fyrir aðbúnað og þjónustu á staðnum. Vonandi höfum við líka skilið eftir einhverja þekkingu. Þakkar fyrir þátttökuna.

Tóti þakkar ráðgjöfum.

3.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sinn ráðgjafa sér til halds og traust. Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum. Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er hún eftirfarandi.

Hermann Jóhannesson **Isavia**

Fjarskipti gengu vel.

Aðkoma aðila að vettvangi, enginn sem hugsaði út í það að það þyrfti að geta keyrt út úr aðstæðum. Þannig margir neyddust til að bakka.

Slökkviliðið þyrfti að æfa sig meira, það tók of langan tíma að byrja slökkvistörf. Bíllinn of langt frá og monitor vísaði í loftið.

Ekki tókst að nota duftkúluna vegna vankunnáttu. Bíllinn tæmdist af vatni undir hamaganginum, vankunnáttu á dælubúnað olli því að langan tíma tók að fá vatn í gang aftur. Tekin var út varadæla, drepst svo á henni fljótlega því ekki var búið að virkja eldsneytisleiðsluna. (Skrúfa á ON á eldsneyti).

Léttvatnið var blandað vitlaust, ýmist of þunnt eða of þykkt.

Frágangur á slöngum var ekki í lagi, of margar slöngur úti miðað við notkun. Skapaðist slyshætta fyrir fólk á svæðinu.

BJ vinnuvélar sköfðu tankbíl, sá einstaklingur var í svörtum fötum sem er stórhættulegt á svona stað og sérstaklega þar sem allir völdu sér að bakka Á vettvangi.

Allt í allt sýnir þetta fram á æfingarleysi."

Þorlákur Snær Helgason **Isavia**

Haldin var fræðslu fyrir slökkvilið Langanesbyggð um flugvélaþekkingu og aðkomu að flugslysi sem gekk vel.

Það koma góð aðkomuskýrsla frá slökkviliði (björgunarstjóri), Slökkvistarf gekk vel þegar einstaklingar voru komin í öndunarbúnað og tilbúnir í slökkvistarf.

Björgunarstjóri kom björgunarsveit og sjúkraflutningum í bráðaflokkun á þau svæði sem voru örugg strax, þó það sé en verið að slökkva elda.

Fyrsta viðbragð, slökkvibíll á flugvelli var allt of lengi að koma sér af stað þegar neyðarstigið var orðið, það tók hann að koma 3 mín og 39 sek. út á vettvang.

Það var mikið að viðbragðsökutæki væri bakkað út á vettvangi, sem er ekki gott, það á að koma þannig að það þarf ekki að bakka.

Einstaklingur sem kom með tankbílinn mætti vera í sýnileikaklæðnaði til að sjást betur.

Gott væri að biðja um að virkja fjarskiptaplanið út á vettvangi.

Neyðarkerran þarf að koma á vettvang og fara svo á SSS, það vantaði börur og teppi út á vettvangi.

Æfingin skapa meistarann.

Dagbjartur Kr. Brynjarsson **Slysavarnafélagið Landsbjörg**

Mér sýndist fundurinn ganga ágætlega fyrir sig. Þá tel ég mikilvægt að halda í fundinn til þess að fá viðbragðsaðila saman.

1. Betur hefði mátt standa að upplýsingagjöf til ráðgjafa um framkvæmd og hlutverk. Það held ég að mestu hafi átt að koma innan raða SL.
2. Mér finnst aftur á móti að það vanti gögn eins og gátlista og eyðublöð fyrir verkþáttastjórana. Kannski stafar það af fyrsta punkti.
3. Er mögulegt að bjóða upp á fræðslu fyrir verkþáttastjóra í fjarnámi SÁBF fræðsla í raun og veru. Tel að það væri gott að fá verkþáttastjóra í að taka SÁBF 101 og svo sér fræðslu (kannski 30 mín.) um viðkomandi verkþátt.
4. Velti því fyrir mér hvort að ekki hafi verið hægt að vera í meiri samskiptum við einingar til að tryggja betri þátttöku.

Yfir höfuð gekk æfingin vel. Taka verður inn í myndina að ef um raunverulegt slys væri að ræða þá myndu fleiri mæta.

Það var áskorun hversu fáir mættu á æfinguna. Það gæti verið æfingalegs eðlis.

Flutningsstjóri þekkti ekki hlutverk sitt nægilega vel. Þegar að hann mætti á fimmtudag vissi hann ekki hvað flutningsstjóri væri né hvað hann ætti að gera þá var björgunarsveitin ekki búin að skoða áætlunina. Ég held að það væri hægt að vera með meiri fræðslu fyrir viðbragðsaðilana þannig að þau þekki áætlunina, hlutverk sitt og hlutverk annarra. Hér ætti SL að koma sterkar inn. "

Takk kærlega fyrir mig og takk fyrir matinn!!!!!!

Tómas Már Pétursson Isavia

ARFF teymið mætti vel undirbúið með bíl og bretti til að brenna og því get uppsetningin að okkar hálfu mjög vel. Gott samstarf við heimamenn sem sáu um að redda öllu því sem vantaði til að setja upp æfinguna. Fræðslan á setningunni var góð og alltaf lærir maður eitthvað nýtt.

Lítið út á það að setja. Skrifborðsæfing og fræðsla gekk bara vel.

Samskipti björgunarstjóra við slökkviliðsmenn fannst mér góð, skilaboð milli manna um hvað þurfti að gera skiluðu sér hratt og örugglega. Eftir smá byrjunar örðuleika þá gekk þetta þokkalega um leið og boltinn byrjaði að rúlla.

Mér fannst æfingarleysi slökkviliðsmanna skína í gegn á sjálfri æfingunni. Flugvallarslökkvibílnum var stillt upp allt of langt í burtu frá fyrsta eldi og var langt frá því að ná að sprauta á hann. Þar fór mikið vatn til spillis. Loks færði hann sig nær en illa gekk að fá froðu úr roof turret. Þegar auka mannskapur barst á svæðið tók það of langan tíma að setja á sig reykköfunartæki. Liðnar voru um 10 mínútum frá útkalli þangað til að menn fengu vatn út úr stút á handlínu. Þar vantaði líka froðu. Fljótlega var svo flugvallarbíllinn vatnslaus og illa gekk að ná vatni úr tankbíl yfir í slökkvibílinn. Í lengri tíma loguðu eldar og slöngur lágu í grasinu með engan þrýsting á sér. Það logaði ennþá í eld númer 1 um 20 mínútum frá því að fyrsti bíll mætti á svæðið.

Flott æfing og þörf áminning um hvað regluleg þjálfun skiptir miklu máli.

Hjördís Garðarsdóttir Neyðarlínan

Fræðsla og fundir voru góð.

Hefði viljað sjá meiri þátttöku heimamanna.

Æfing gekk ágætlega, fjarskipti góð. Yfirsýn stjórnenda á SSS góð.

Samskipti á milli svæða hefðu mátt vera betri. Sumir fastir í að horfa bara á það sem þurfti að gera á sínu svæði.

Frábær samvera og gaman að fá að taka þátt.

Sveinn Ólafsson

112

Stjórnendur héldu vel á rennsli verkefnisins og skipulag vel ígrundað í mínu tilviki hef ég ekki tekið þátt í þessu áður og hefði sjálfur mátt undirbúa mig betur en þau sem sáu um undirbúning og skipulag þá er það til fyrirmyndar

Fjarskipti ,allir sammála um að það hafi gengið vel.

Samskipti við LHG hefðu mátt vera betri.

Takk fyrir mig

Aðalbjörn Tryggvason Isavia

Undirbúningur gekk vel

Að bjarga fólkinu þegar þeir byrjuðu

Slökkvistarf gekk ekki vel.

Það þarf að æfa meira slökkvið og björgunarþáttinn.

Hreiðar Hreiðarsson Lögreglan

Gott skipulag og almenn fræðsla við hæfi. Fræðsla og fundir algerlega nauðsynleg og ekki síður mikilvæg þegar um fáa þátttakendur er að ræða og í raun minni hópur til að taka innra samtal. Líka alveg nauðsynlegt að hittast í samveru á kvöldin og bera saman bækur sínar og kynnast fólki úr öðrum geirum. Sé enga sérstaka annmarka.

Heildarrensli æfingarinnar sjálfrar gott og í góðu beinu framhaldi af undirbúningi og borðæfingunum á föstudeginum sem gerðu þetta að góðri samfellu.

Hugsanlega að fá fyrr fyrstu upplýsingar um heildarástand á slysavettvangi og nýta flutninga fyrr við að koma fyrstu aðilum í SST. Fleiri hendur auðvitað, en þetta er nú samt sá raunveruleiki sem um er að ræða á þessum fámennari stöðum og gott að hafa það alveg í huga almennt.

Margir að koma að svona æfingu í fyrsta skipti. Gefur bæði þeim yngri og öðrum sem hafa meiri reynslu gríðarlega mikla nýja þekkingu og reynslu við stjórnun allra aðgerða við slys, sem nýtist á svo mörgum stöðum innan björgunargeirans.

Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir og Inger Sofia Ásgeirsdóttir Heilbrigðisþjónusta

Vel skipulögð fræðsla og mikill áhugi og skýrar óskir heimamanna.

Tengiliðalisti fyrir heilbrigðishlutann var ekki réttur og tók nokkra vinnu og tíma að komast í samband við rétta aðila.

Skrifborðsæfing:

Verkþáttarstjórar voru allir mjög meðvitaðir um sín hlutverk og sinntu þeim vel. Fjarskipti gengu heilt yfir mjög vel. Aðhlyningarstjórar voru vel undirbúin með skriffæri og blöð og skiptu vel með sér verkum sem leiddi af sér fyrirmyndar gott flæði sjúklinga. Milli rennsla ræddu aðhlyningarstjórar og hópurinn þeirra saman og betrubættu sínar vinnuaðstæður að eigin frumkvæði.

Aðhlyningarstjórar voru búnir að kynna sér talhópaskipulag vel og voru vel meðvituð um sitt hlutverk í flóknu fjarskiptaskipulagi.

Stóra æfingin:

Viðbragðstími aðhlyningarstjóra og þeirra teymis var góður og þau voru fljót að setja upp SSS. Allir aðilar innan hópsins voru meðvitaðir um sitt hlutverk og samvinna var til fyrirmyndar.

Aðhlyningarstjórar voru öruggir í sínu hlutverki og héldu góðri yfirsýn. Fjarskipti voru skýr. Samskipti og samvinna milli verkþáttarstjóra gekk vel. Vel gekk að halda hita á SSS vegna öflugss hitablasara í flugstöð.

Á SSS tóku allir æfingunni alvarlega og sinntu sjúklingum og áverkum þeirra. RKÍ nýttist vel í alls konar verkefni. Þegar sjúklingur varð svartur á SSS og ekki var búið að huga að SSL ræddu aðhlyningarstjóri og gæslustjóri saman og leystu málið hratt og vel.

Á vettvangi var verkaskipting skýr og allir aðilar vissu til hvers var ætlast af þeim. Fyrstu tölur úr bráðaflokkun bárust nokkuð fljótt.

Vegna smæðar samfélagsins eru margir með ""marga hatta"" og vantaði fleiri hendur í ýmis verkefni á æfinguna en þær bjargir og mannskapur sem var til staðar var vel nýttur og verkþáttarstjórar voru lausnarmiðaðir. "

Skrifborðsæfing:

Fátt sem hefði mátt betur fara, helst að AST voru lengi að koma í fjarskipti á blár 6-5.

Stóra æfingin:

Fáir heilbrigðisstarfsmenn/sjúkraflutningamenn voru á svæðinu svo það þurfti að senda fólk af SSS á SLY sem olli því að mjög fámennt var á SSS í upphafi til að taka á móti fyrstu sjúklingum. Það gekk illa að manna böruburð og koma sjúklingum af SLY. Börur voru óundirbúnar, vantaði ólar o.þ.h. svo þær voru ekki öruggar. Gengið var ítrekað framhjá köldum og blautum sjúklingum á SLY, þeir fengu ekki teppi meðan þeir biðu eftir flutningi á SSS og það fór mjög langur tími í að leita að sjúklingum á vettvangi snemma í æfingunni vegna mistaka í talningu sem olli seinkun á flutningi sjúklinga inn á SSS.

Öryggi leikara við klippivinnu var ábótavant, ekkert var lagt yfir sjúklinga til að verja þá fyrir glerbrotum og braki. Það kom einnig fyrir í flutningi að sjúklingar voru fluttir í miklu flýti og ekki festir almennilega í börur áður en lagt var af stað.

Á SSS vantaði heilbrigðisstarfsfólk þó að þær bjargir sem voru til staðar hafi verið vel nýttar.

Pappírshjargir (t.d. greiningarsveit SAK sem kom með sjúkraflugi) rugluðu yfirsýn aðhlyningarstjóra yfir þær bjargir sem voru til staðar á SSS.

Það varð talsverður ruglingur varðandi sjúkraflug/þyrlu/flugvél LHG. Mismunandi skilaboð bárust til mismunandi aðila um vél sem myndi lenda í alvörunni og á mismunandi tímum, ýmist talað um sjúkravél, flugvél LHG eða bara LHG. Kom í ljós að flugvél LHG ætlaði að lenda í alvörunni en gátu það ekki vegna veðurs en talsverður tími fór í þessi mál. "

Við þökkum fyrir frábærar móttökur, góðan mat og gott samstarf 😊

3.2.1 Umsjón leikara – Rýni meðal leikara eða umsögn ráðgjafa

Erfiðlega gekk að manna leikara á æfinguna. En nokkrir sem höfðu ætlað að koma komu ekki. Hluti gesta æfingar léku því þolendur og úr varð að æfingin var með átta lifandi leikara auk þess sem brúður voru hluti af leikmyndinni.

Vel var hugsað um þolendur og var einnig fróðlegt fyrir þá sem léku að fara í gegnum svæðin á æfingunni og kynnst hvernig viðbragðskerfið vinnur með því að horfa á það út frá sjónarhóli þolenda.

3.3 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.


Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.

3.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Alls tóku 20 aðilar þátt í rýni, frá flestum viðbragðsaðilum.

Mynd af hvaða úrlausnaraðila fólk tilheyrir.



3.3.2 Það sem vel var gert

3.3.2.1 Undirbúningur æfingar

- Allt gekk vel og góð fræðsla frá ráðgjöfum
- Allt var ljómandi
- Mér fannst fundir og fræðsla ganga vel, Ég hafði bæði gagn og gaman að þeim.
- Flest allt held ég, frábærir ráðgjafar sem vildu allt fyrir okkur gera.

- Tók ekki þátt
- Ég fékk fund með fulltrúa úr neyðarvarnateymi Rauða krossins sem var gott og nauðsynlegt þar sem þetta var aðeins í annað sinn sem ég fer í SST.
- Tók ekki þátt í undirbúningi
- Allir fundir og æfingar gengu að mínu mati vel.
- Frekar góð borðæfing , ráðgjafar virkilega fín öll sem eitt.
- Fræðslan var bæði góð og gagnleg
- Ég komst ekki á undirbúningsfund en augljóst að undirbúningur var í góðum höndum.
- Tók ekki þátt vegna orlofs
- Skrifborðsæfingin
- Undirbúningur fyrir æfinguna var mjög gott, fengum góðan tíma fyrir æfinguna sjálfa til að átta okkur á hlutverkum og til hvers væri ætlað
- Láta Norlandair vita af æfingu.
- Það var farið vel yfir flest alla þætti.
- Fræðsla á teams og skrifborðsæfing voru mjög gagnlegar.
- Mjög flott undirbúningsprógramm, skýr og góð framsetning og upplýsingar.
- Mér fannst undirbúningurinn mjög góður og nytsamlegur
- Nokkuð gott bara.

3.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

- Flest gekk vel þrátt fátur hendur en margt má fínslípa
- Fjarskipti
- Öll samskipti gengu mjög vel og í það heila gekk æfingin vel.
- Fjarskipti voru mjög góð og heilt yfir var æfingin bæði skemmtileg og fræðandi.
- Fjarskipti og samskipti heimamanna og AST. VST var þínu "týnd" og þarf að gera þeim hærra undir höfði enda lykilaðili.
- Að komast inn í kerfin (sem ég hef litla reynslu af)
- Skipulag virkaði vel og fjarskipti voru heilt yfir mjög góð og öguð. Verkefnið var leyst af takmörkuðum mannskap á vettvangi.
- Mér finnst skipulagið og metnaðurinn vera til fyrirmyndar.
- Ég get ekki sagt eitthvað eitt. Annað en að allir björguðust fyrir rest. Var mjög ánægður með leiðbeinendur og skipuleggjendur
- Samskipti voru góð. Verkbátastjórar skiluðu sínu vel þrátt fyrir reynsluleysi
- Miðað við hve margir voru nýjir í hlutverkum þá gekk mjög vel. Fjarskipti gengu fínt. Talning var örugg. Allir þekktu sitt hlutverk og aðferðafræðin virkaði.
- Vel gekk að manna stöður í SST og samskipti SST og AST gengu vel
- Heilt yfir gekk æfingin vel.
- "Æfingin í heildina litið gekk þokkalega vel og þótt fámennt væri af viðbragsaðilum voru þeir vel nýttir. Fjórir helstu stjórnendur fannst mér standa sig vel og þá sérstaklega í samskiptum.
- Mér fannst æfingin nýtast vel því þetta er fyrsta skipti sem ég tek þátt í svona æfingu og er mjög gott að þekkja sín hlutverk og hvað sé ætlast til af mér "
- Var nokkuð skipulega farið í hlutina hér innandyrá. Allir vissu sitt hlutverk.
- Samskipti á vettvangi gengu mjög vel.
- Flæði og skipulag á SSS gekk mjög vel.

- Heilt yfir fannst mér ganga mjög vel á æfingunni. Fólk var yfirvegað og fjarskipti góð. Það var faglegt viðmót sem mætti manni (ég var sjúklingur). Mér leið eins og ég væri í góðum höndum.
- "Ég var hjá björgunarstjóranum, hann var nokkuð fljótur að fá yfirsýn yfir slysstaðinn og sendi aðstoðarmanninn til að skanna það sem ekki sást vel á.
- Kallaði fljótt eftir bráðaflokkun á það svæði sem var tryggt og nýtti vel þær bjargir sem hann fékk. "

3.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

3.3.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

- Sé ekkert sem betur mætti fara fengum góða fræðslu
- Veit ekki
- Mér fannst allur undirbúningur ganga ágætlega.
- Ekkert nema bara hvað gekk illa að manna okkar megin.
- Tók ekki þátt
- Ekkert svo sem.
- Tók ekki þátt í undirbúningi
- Ekkert sem ég man.
- Frekar lítið þannig.
- Ekkert sem ég man eftir
- Kannski þarf að ávarpa sérstaklega að það eru þrjár grunnar í gangi, lögreglan, AV og Landsbjörg. Það þarf að hnykkja á því við áhöfn AST í hvaða grunni aðgerð er stofnuð og hvernig þeir eru tengdir saman. Kannski þyrfti að setja upp stutt sérnámskeið í notkun á aðgerðargrunninum.
- Tók ekki þátt vegna orlofs
- Ekkert sem pirraði mig
- Lögreglan fór yfir sín hlutverk vel og er ekkert sem ég get sett út á undirbúning
- Láta vita beint til umboðsmaður á Þórshöfn, alla pósta ætti að fara á tho@norlandair.is
- Hefði mátt fara betur yfir bráðaflokkunina fyrir óvana og reynslulitla
- Ekkert sérstakt
- "Það væri gott ef aðilar á svæðinu væru í enn meira samstarfi um t.d. tímasetningu á æfingunum - þ.e. þessi hausttími þegar mjög margir eru í göngum og réttum þýðir að þeir sömu missa af mjög mikilvægri æfingu.
- Mögulega væri hægt að þjappa fundum og fræðslu enn meira saman, t.d. á föstudaginn allan, frekar en fim og fös. Annars flott. "
- ekkert
- Tímasetningin kannski ekki hentug fyrir þetta svæði, engin mæting frá öðrum en heimamönnum.

3.3.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

- Búnaður sem beðið var um hefði mátt koma fyrir inn á slysstað og að tryggja vettvang hefði getað gengið betur

- Hópslysakerra hefði mátt koma á slysstað
- "Það vantaði meiri mannskap í björgunarsveit og slökkvilið héðan, en þetta var aðal göngu og réttardagurinn í Þistilfirði og síldarvertíð á fullu hjá Ísfélaginu. En slysin eru ekki bara í frítíma fólks og gott að sjá hverju takmarkaður mannskapur getur afkastað.
- Óvissa um hvort sjúkravél og þyrta væru raunverulega að koma var ruglingsleg. Hefði reyndar átt að sjá að þetta var ekki að ske í raunheimum, því flugin voru ekki rétt sett inná Veovo og ekkert samband frá Flugstjórn (blindflug) eða brottfararflugvelli (sjónflug) við BITN."
- Kannski hægt að nefna rugling varðandi flugvélar/þyrta en í raun gerði það æfinguna bara meira krefjandi, annars hefði veðrið mátt vera betra:)
- Bráðaflokkun vantaði að mestu fyrsta klukkutíman og áverkamat kom seint. Flutningsmöguleikar á reiki, og ýmist verið að notast við "leikna" atburðarás eða raunverulega í þeim efnum. Handrit þarf að vera ljósara í upphafi, hvað eru raunverulegar bjargir og hvað skáldaðar! Var ekki METAR gefin út fyrir flugvöll? Nauðsynlegt til að vita aðstæður, ekki síst ef á að lenda þar flugvélum með bjargir!
- Ég lærði margt, en var svolítið útundan í SST.
- Upplýsingar frá SST skiluðu sér illa, sérstaklega varðandi flug. Upplýsingar um raun-flug skiluðu sér illa og ekki þegar hætt var við það.
- Lhg hefði mátt standa sig betur. Það vantaði fleiri hendur frá öllum viðbragðsaðilum
- Margt. Boðun neyðarstigs strax var ekki í samræmi við plan. Samskipti við sss voru strembin. Aðhlyningar fólk hefðu mátt taka tillit til þess að við vorum með 4 björgunarsveitarmenn Á vettvangi alla óvana. Vantaði stórlega reyndar hendur á vettvang. Flugvél að koma eða ekki tafði flutning og skapaði óvissu. Við í Hafliða fórum án hópslysakerra á vettvang sem var klúður og samskiptaleysi við aðhlyningarstjóra og kjarkleysi í okkur. Vst hefði mátt grípa inn í það mál og skrifast það á mig. Það er mikilvægt að menn hlusti og leysi mál saman sem ein heild en ekki að skilja "Jóa eftir ofan í skurðinum einan að moka". Það er mín trú að við raunaðstæður yrði allt annað verklag og samskipti eðlilegri.
- Vantaði fleiri hendur, sérstaklega frá heilbrigðisgeiranum. Atriðið með flugvél landhelgisgæslunnar var ekki til fyrirmyndar. Það voru misvísandi upplýsingar um komu flugvélar og þyrta.
- Upplýsingaóreiða var uppi um flugbrú. SST veitti AST ekki nægilega glöggar upplýsingar um flugbrú. Umbeðinn farþegalisti skilaði sér aldrei frá SST til AST. Upplýsingaflæði milli aðila í AST gat verið betra, t.d. með meiri hreyfanleika aðgerðarstjóra.
- Vantaði fulltrúa ISAVIA á æfingunni. Æfingin byrjaði fyrr en þær upplýsingar sem ég hafði gerðu ráð fyrir.
- Hefði viljað sjá meri þátttöku aðkomubjarga sem eru skrifaðar í viðbragðsáætlunina
- Mér fannst dapurt hvað fáir björgunarsveitarmenn voru og tóku þátt í æfingunni, ef það hefðu verið fleiri frá þeim hefði æfingin gengið betur.
- Umboðsmaður var ekki var við að búið var að kalla út, að æfingin var byrjað. Hefði getað byrjað að rýma til í salinn fyrr. Sá sem stjórnaði innandyra hefðu getað virkjað umboðsmaður meira. Ýmislegt sem hægt er að virkja umboðsmaður í, rýma til, setja upp bedda, útskýra hver má fá vatn og hvaða slasaða ekki...
- "Samskipti við AST og LHG hefðu mátt vera skýrari.
- Vantaði hendur"

- Tryggja betur öryggi sjúklinga í flutningi. Of oft sem þeir voru festir í börur sem voru lausar ofan á sjúkrabílabörnum. Líka erfitt fyrir óvana að flytja fólk á sjúkrabílabörnum sem kunna ekki á þær. Óþarfa slyshætta af því.
- "Það vantaði klárlega fleira fólk í viðbragðið (ekki æfingunni að kenna- líklega hefðu fleiri komið ef þetta hefði verið raunveruleikinn) svo það var töf á að bjarga. Ég var t.d. sjúklingur úti í móa sem hefði líklega ofkælst í þessum aðstæðum og/eða blætt hættulega.
- Ég heyrði á sumum sem voru í flutningi að þeir voru ekki vanir slíkum flutningi, börum og búnaði og voru alveg á mörkum þess að geta notað búnaðinn, þetta var þínu óþægilegt, að vera næstum dottin af börum. Ekki þeim að kenna sjálfum endilega, bara þörf á frekari þjálfun og undirbúningi í þessum hluta greinilega.
- Það þyrfti að minna alla á að nota kerruna frá Rauða Krossinum, það er gríðarlega mikilvægt að huga að því að fólk ofkælist ekki og það er í raun til nóg af teppum, sem alltaf ætti að vera eitt af því fyrsta sem er notað í svona viðbragði.
- Mjög hægt gekk að fá bjargir inn á SLY, björgunarstjórinn margbað um bráðaflokkun í upphafi og leið óþarflega langur tími þangað að fyrstu bjargir komu. Misskilningur varð á milli björgunarstjóra og aðstoðarbjörgunarstjóra um fjölda þolenda sem vitað var um og fór fjöldi björgunarmanna að leita að þolendum sem voru ekki týndir.

3.3.4 Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

- Takk kærlega fyrir þessa æfingu mætti vera annað hvert ár
- Nei
- Þakkir til allra sem tóku þátt!
- Eins og oft áður þá er æfingahandritið ekki klárt, þ.e. þeir hlutir sem þarf að "skálda" inn í æfinguna, á að notast við þær raunverulegu bjargir sem eru í boði eða búa til bjargir, s.s. hvaða flutningsmöguleikar eru í boði. Í raunveruleikanum voru, þegar þessi æfing hófst, báðar sjúkraflugvélar í verkefnum og þyrlla LHG. Átti að nota þá stöðu inn í æfinguna? eða láta eins og allt væri til reiðu, það er óeðlilegt að þeir sem eru að æfa eigi að ákveða þetta sjálfir og skapar óþarfa óvissu sem litlu skilar í æfinguna sjálfa! Annars fín æfing!
- Góð æfing í það heila fyrir nýgræðing í SST. Sá sem talaði fyrir "framkvæmdir" hefði mátt spyrja mig, fulltrúa Rauða krossins, um hvað hjá okkur áður en hann gaf skýrslu á stöðufundi.
- "Lítið / ekkert reyndi á þætti eins og afgreiðslu á fjölmiðlum og samskipti og upplýsingamiðlun við aðstandendur. Á þetta reynir verulega í raunverkefnum.
- Nei
- Landhelgisgæslan þarf aðeins að rífa fjarskipti hjá sér í gang og langar mér að koma því á framfæri og að þeir séu meðvitaðir um hvernig þeir bættu flækjustigi inn í æfinguna.
- Mér finnst þessi æfing alveg frábær liður í því að þjálf fólk okkar og allir sem að þessu koma eiga eitt stórt hrós skilið. Hópefli af bestu sort, áminning um hvað við getum þurft að horfast í augu við og mjög góð leið til að þjálf sig.

3.3.5 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar er 4,9 stjörnur af 5 mögulegum.

4 Helstu lærdómsatriði og umbótataækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

4.1 Styrkur

- Björgunarstjóri góð aðkomuskýrsla og hlutatryggði vettvang þannig að hægt var að vinna á mismunandi stöðum.
- Skýr samskipti hjá björgunarstjóra í fjarskiptum.
- Samskipti á milli flutningastjóra og gæslustjóra mjög góð.
- Góð samfella í æfingadögum.
- Góð móttaka og skráning á SSS.
- Góður hiti á SSS, öflugur hitablásari.
- Fjarskipti gengu mjög vel á æfingunni.
- Vel undirbúin aðgerðastjórn og fumlaus vinnubrögð.
- Aðhlyningarstjórnar vel undirbúnir, góð verkaskipti og gott flæði þolenda, samvinna góð.
- RKÍ aðstoðaði vel við umönnun þolenda.
- Ráðgjafar góðir og þjónustulundaðir.
- Góður undirbúningur og fræðsla.

4.2 Umbótataækifæri

Umbótataækifæri	Eigandi
Samspil AST og VST. (VST var þínu „týnd“)	
Pappírsvélar og gervibjargir að koma frá aðgerðastjórn voru ruglandi	Aðgerðastjórn
Stofnun aðgerða, lögregla, AV, Landsbjörg, samræma þarf á milli og skoða tengingar. Hvar á að stofna aðgerð.	Aðgerðastjórn Lögreglan
Gera fjarnámsefni f. verkþáttastjóra	Almannavarnir
Flutningastjóri þekkti hlutverk sitt illa og björgunarsveit ekki búin að kynna sér áætlunina.	Björgunarsveitin Hafliði / Slysavarnafélagið Landsbjörg
Björgunarkerra Isavia fór ekki á vettvang. Búið að breyta henni og innihaldi, þarf að skoða. Börur og teppi því ekki tiltæk á vettvangi.	Isavia
Það vantaði fulltrúa Isavia í SST	Isavia
Slökkvistörf hófust seint (tók langan tíma að fara í öndunarbúnað), of langan tíma tók að fara á vettvang, mónitor vísaði út í loftið, þörf á meiri æfingum	Isavia / Slökkvilið
Náðist ekki að nota duftkúlu, slökkvibíll tæmdist, vankunnátta á dælubúnaði olli töfum í að fá vatn í gang aftur. Varadæla virkaði illa því það gleymdist að skrúfa frá eldsneyti. Léttvatn ekki rétt blandað. Frágangur á slöngum ábótavant og jók á slyshættu.	Isavia / Slökkvilið
Samskipti við flugvél LHG Óljóst hvort þyrfa væri að koma í alvörunni eða ekki. Óljóst hvort flugvél væri að koma í alvörunni eða ekki, hún var á leiðinni en náðist ekki í hana. Endaði svo á að lenda ekki vegna þoku.	Landhelgisgæslan
Norlandair starfsmaður/umboðsmaður fær ekki sms við virkjun	Norðlandair

Senda efni beint á umboðsmann Norlandair, efni skilaði sér ekki frá skrifstofu	Norlandair Æfingastjórn
Upplýsingagjöf innan SL til ráðgjafa SL	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Upplýsingar frá SST skiluðu sér illa, sérstaklega varðandi flug	SST Isavia
Verkþáttastjóri framkvæmda í SST hefði mátt taka stöðu á RKÍ áður en hann gaf skýrslu á stöðufundi.	SST
Vantaði ólar á börur	Viðbragðsaðilar
Mættu vera fleiri aðilar að taka þátt	viðbragðsaðilar
Huga að því að breiða teppi yfir þolendur á vettvangi sem þurfa að bíða flutnings og hlúa að þeim.	Viðbragðsaðilar
Mikilvægt að staðsetja tæki á vettvangi þannig að ekki þurfi að bakka þeim	Viðbragðsaðilar
Tankbíll, aðili á honum mætti vera í sýnileikafatnaði eða vesti	Viðbragðsaðilar

5 Myndir frá æfingunni

Hér má sjá nokkrar myndir frá æfingunni. Fleiri myndir eru á Facebook síðunni „Flugslysæfingar“.

